

**AUGLÝSING**  
**um afgreiðslu bæjarráðs Kópavogsbæjar**  
**á auglýstri tillögu að deiliskipulagi.**

*Rjúpnahæð - austurhluti. Austurkór 5, breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogsbæjar samþykkt þann 17. janúar 2008 tillögu að breyttu deiliskipulagi við Austurkór 5. Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 11. febrúar 2008.*

**Smári Smáráson** skipulagsstjóri.

—————  
B-deild – Útgáfud.: 15. febrúar 2008